

Ísafjarðarbær  
Hafnarstræti 1  
400 Ísafjörður



Reykjavík, 9. apríl 2018  
Tilvísun: 1790



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Suðurgata 39  
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

[postur@minjastofnun.is](mailto:postur@minjastofnun.is)  
[www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is)

### Styrkúthlutun 2018: Tjöruhús, Neðstakaupstað, Ísafjörður

Minjastofnun Íslands þakkar umsóknar um styrk úr húsafríðunar-  
sjóði vegna ofangreindars verkefnis. Ákvæðið hefur verið að veita styrk  
að upphæð kr. 1.500.000 til verkháttarins: **Brunavarnir**.

Áður en verkefnið er hafið skal leita samráðs og samþykkis  
Minjastofnunar á tilhögun þess.

Styrkir 300 þúsund krónur og lægri eru að jafnaði greiddir út eftir  
að verkefnum hefur verið lokið og lokaskýrslu, sem Minjastofnun  
samþykkir, hefur verið skilað.

Unnt er að fá allt að 70 prósent af hærrri styrkjum greidd eftir að  
Minjastofnun hefur verið upplýst um nánari tilhögun verkefnis og  
sýnt hefur verið fram á að verkefni sé sannanlega hafið. Eftirstöðvar  
styrks verða greiddar við verklok eftir að lokaskýrsla, sem Minjastofnun samþykkir,  
hefur verið lögð fram.

Lokaskýrslum skal skila til Minjastofnunar eigi síðar en 15.  
desember 2018.

Óheimilt er að verja styrk í önnur verkefni eða aðra verkþætti en  
hann er veittur til. **Vakin er sérstök athygli á að styrkur fellur  
niður við næstu áramót hafi hann ekki verið nýttur.**  
Mögulegt er vegna óviðráðanlegra aðstæðna og að uppfylltum  
ákvæðnum skilyrðum að fresta styrk fram á næsta ár. Formlegt  
erindi, sem tilgreini ástæður frestsbeiðni, skal berast Minjastofnun  
fyrir lok úthlutunarárs.

Um styrki gilda úthlutunarreglur húsafríðunarsjóðs nr. 577/2016,  
sem nálgast má á heimasíðu Minjastofnunar, [www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is),  
undir **Sjóðir**.



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Suðurgata 39  
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is  
[www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is)

Kennitala: 440113-0280

Eftirfarandi gildir jafnframt fyrir þær tegundir verkefna sem tilgreindar eru hér að neðan:

#### Styrkir til framkvæmdaverkefna

Til hliðsjónar við framkvæmdir skal hafa ritröð Húsafríðunarnefndar um viðhald og endurbætur fríðaðra og varðveisluverðra húsa sem nálgast má á heimasíðu Minjastofnunar Íslands, [www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is), undir *Gagnasafn*. Ef um byggingarleyfis skylda framkvæmd er að ræða skal senda Minjastofnun rafrænt afrit af uppdráttum og verkteikningum, b.e. sömu gögn og senda þarf til byggingarfulltrúa.

#### Styrkir til áætlanagerðar og undirbúnings framkvæmda

Í lokaskýrslu verkefna skal koma fram stutt saga húss/mannvirkis, uppmæling og reyndarteikning, ásamt uppdráttum og/eða greinargerð um fyrirhugaðar framkvæmdir.

#### Styrkir til húsakannana

Við skráningu húsa og mannvirkja og gerð húsakannana skal fara eftir skráningarstaðli og leiðbeiningum Minjastofnunar Íslands og nota skráningarform Minjastofnunar. Senda skal beiðni á netfangið [husaskraning@minjastofnun.is](mailto:husaskraning@minjastofnun.is) til að óska eftir aðgangi að forminu.

Vakin er athygli á því að sé styrkþegi ekki skráður þinglýstur eigandi að a.m.k. 50 prósent hluta þess húss eða mannvirkis sem um ræðir þarf að afla skriflegs leyfis frá meirihluta eigenda eða eigenda að a.m.k. 50 prósent hluta. Skriflegt leyfi, undirritað af eigendum og vottat af tveimur aðilum, þarf að berast Minjastofnun Íslands áður en greiðsla styrks getur farið fram.

*Styrkþega ber að fara eftir öllum þeim skilmálum og reglum sem gilda um styrki húsafríðunarsjóðs. Komi í ljós að þeim hafi ekki verið fylgt er Minjastofnun heimilt að krefjast endurgreiðslu styrks.*

F.h. Minjastofnunar Íslands

Kristín Huld Sigurðardóttir  
forstöðumaður